

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 20. júlí 2017  
UST201707-107/B.S.  
10.05.01

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka við Eyri – Reyðarfjörður. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Ráðgert er að taka 80.000 m<sup>3</sup> af malarefni af hafsbotni við Eyri í Reyðarfirði.


Talið er að við Eyri verði unnt að taka um 600.000 m<sup>3</sup> af efni í heild og er litið til svæðisins sem efnistökusvæði sem unnt verður að nýta til nokkurrar framtíðar. Í undirbúningi er mat á umhverfisáhrifum vegna 520.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr námunni við Eyri.

Umhverfisstofnun telur að þegar við upphafi framkvæmdar eins og þeirrar sem hér um ræðir verði að skoða heildstætt áhrif fyrirhugaðrar efnistöku þannig að frá byrjun liggi fyrir mótaðar hugmyndir um hvernig staðið verði sem best að efnistökunni og frágangi svæðisins í heild. Einnig ætti að skoða þegar í upphafi hvort 600.000 m<sup>3</sup> efnistaka sem fyrirhuguð er á umræddu svæði kunni að hafa neikvæð á lífríki fjarðarins og neikvæð áhrif á aðliggjandi strönd.

Að teknu tilliti til ofangreindar atriða telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd efnistaka kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín L. Arnadóttir  
Forstjóri